

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja frú Önnu Valdimarsdóttur, Stekkum, Sandvíkurhreppi, jörðina Eystra-Stokkseyrarsel og þann hluta Vestra-Stokkseyrarsels, sem hún hefur nú til afnota.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið af þremur mönnum, sem sýslumaður Árnessýslu dómkveður.

3. gr.

Þurfi ríkið eða ríkisstofnanir á lóð eða landspildu að halda úr hinum seldu jörðum, á það rétt á að fá hana keypta við sama verði hlutfallslega eins og Önnu var gert að greiða fyrir jarðirnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 17. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, bætist tvær nýjar mgr., sem verða 2.—3. mgr., svo hljóðandi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla

atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a- og b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

2. gr.

18. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, orðist svo:

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

3. gr.

Á eftir 1. málslíð 19. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði 50. gr. laga þessara um gagnkvæma ábyrgð hjóna skulu gilda um innheimtu aðstöðugjalds.

2. gr.

15. gr. laganna, e-liður orðist svo:

Að greiða 1% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenzkra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti eftir ákvörðun ráðherra tilraunir til að koma á betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf þeirra.